

IS 50V 2.3 grunnurinn er í átta lögum: hæðargögn, mannvirki, mörk, strandlína, samgöngur, vatnafar, örnefni og yfirborð. Jafnframt fylgir tvenns konar aukaefni með útgáfunni; annars vegar gögn sem eru kölluð IS X og hins vegar CORINE (nánari upplýsingar um CORINE verkefnið er að finna [hér](http://www.lmi.is/sersvid/corine/) á heimasíðu Landmælinga Íslands (<http://www.lmi.is/sersvid/corine/>)). Það sem tilheyrir IS X er skógalag, sem kemur frá Skógrækt ríkisins, skurðalag, sem var unnið í tengslum við CORINE verkefnið, og hæðarmódel. Aukaefnið fylgir þegar allt landið er keypt en þeir sem fá minni svæði geta leitað til stofnunarinnar ef þörf er fyrir aukaefnið.

Það er hægt að fá IS 50V bæði í ISN93 og ISN2004. Gögnunum fylgja einnig lýsigögn (metadata). Hægt er að fá útgáfuna á ArcGIS formati (gdb, mdb og shapefile) og dwg formati. Þegar gögnin eru á dwg formati eru upplýsingarnar bak við gögnin takmarkandi.

IS 50V grunnurinn er flokkaður eftir ÍST120:2007 staðlinum. Samkvæmt staðli á dálkurinn ,heimild‘ að vera texti en í öllum okkar lögum (nema örnefni) er hann heiltala (long integer). Við bættum við dálki sem heitir ,heimild_Texti‘ og er sá dálkur skilgreindur sem texti.

Hér á eftir verður farið yfir hvert lag fyrir sig og sagt frá innihaldi IS 50V 2.3 og helstu breytingum á milli ára. Einnig verður fjallað stuttlega um IS X.

IS 50V


Örnefni

Örnefni eru í þremur lögum: flákalag, punktalag og línulag (ekki með dwg). Einnig koma örnefni sem kortaútlitslög (annotation (fylgir ekki shapefile)). Þetta eru 10 kortaútlitslög og eru þau mælikvarðatengd. Lögin eru í eftirfarandi mælikvörðum: 1:2 000 000, 1:1 000 000, 1:500 000, 1:250 000, 1:100 000, 1:50 000, 1:25 000, 1:10 000, 1:5 000 og 1:2 000. Örnefnunum fjölga eftir því sem mælikvarðinn stækkar. Útlit örnefnanna miðast við að þau birtist á loftmyndum eða gervitunglamyndum en það fylgir *lyr* skrá sem heitir `,is50v_ornefni_kort_utlit'` og er útlit örnefnanna þá eins og þegar þau birtast á kortum. Mikill fjöldi örnefna hefur bæst við á Vestfjörðum, Breiðafirði og Akranesi. Einnig eru ýmsar leiðréttingar gerðar jafnóðum og stofnuninni berast athugasemdir. Milli útgáfu 2.2 og núverandi útgáfu, 2.3, hafa verið sett inn um 2300 ný örnefni.




Samgöngur

Samgöngulagið inniheldur bæði línulag og flákalag. Línulagið sýnir vegakerfi landsins en flákalagið er með flugvelli landsins. Það hafa ekki orðið miklar breytingar á flákalaginu en einn flugvöllur hefur bæst við. Talsvert meiri breytingar hafa verið gerðar á vegalaginu. Þar hefur verið bætt við talsvert af nýjum slóðum á hálendi Íslands sem voru GPS-mældir sumarið 2009. Slóðar mældir 2009 voru tæplega 1650 km en á síðustu þremur sumrum hafa verið mældir 4000 kílómetrar, sjá mynd.



Það eru komnir inn nýir vegir frá Vegagerðinni, til dæmis vegurinn við Arnkötludal, sjá mynd.



Einnig hefur vegayfirborðið verið endurskoðað. Þá hafa vegir í þéttbýli verið uppfærðir með gögnum frá Samsýn ehf.

Vatnafar

Vatnafarslagið inniheldur fláka, línur og punkta. Það hafa verið gerðar talsverðar uppfærslur í fláka- og línulaginu en það eru nær engar breytingar í punktalaginu fyrir utan að fáeinir fossar og flúðir voru færðar á rétta staði eftir uppfærslu á línunum og flákum. Helstu breytingar í flákalaginu eru að jökulár á Suður- og Suðausturlandi voru uppfærðar. Notast var við SPOT-5 gervitunglamyndir við uppfærsluna, sjá mynd.



Einnig voru ýmis konar villur lagfærðar m.a. kringum Vatnajökul og á útlínum jökulsins. Það fylgir flákalag sem heitir ‚heimild_fyrir_Vatnajökul‘ en það sýnir hvaða SPOT-5 gervitunglamyndir voru notaðar við uppfærsluna á Vatnajökli. Landmælingar Íslands fengu nýtt Hálsón frá Landsvirkjun með rétttri lónshæð en Háslónið sem var fyrir í grunninum miðaðist við yfirfallshæð. Helstu breytingar á línulaginu eru þær að línur voru tengdar við nýuppfærða strandlínu, það sama var gert við flákalagið. Einnig voru línur lagaðar að uppfærðu flákalagi. Með síðustu útgáfum hafa verið nöfn í dálkinum ‚nafn_F‘ í vatnafarslögnum en með breyttum vinnsluaðferðum á örnefnalaginu eru nöfn ekki lengur tengd við fitjur og því eru engin nöfn í dálkinum ‚nafn_F‘.


Strandlína

Strandlínulagið inniheldur bæði línu- og flákalag og er strandlína landsins, eyja og skerja sýnd. Strandlínan var uppfærð fyrir útgáfu 2.3 og var hún unnin upp úr SPOT-5 gervitunglamyndum og við suma þéttbýlisstaði voru notaðar loftmyndir frá Samsýn ehf. Við margar eyjar og sker, einkum við Breiðafjörðinn, var staðsetningin löguð en ekki fornið. ‚Vinnsla-F‘ er óbreytt (skönnun og vigrun) en SPOT-5 gervitunglamyndir voru notaðar sem heimildir. Sumar eyjar og sker voru ekki uppfærð að þessu sinni. Við uppfærsluna var reynt að miða við hæstu sjávarstöðu. Flákalagið er búið til úr línulaginu og er flákalagið ekki með eins miklar upplýsingar og línulagið. Í línulaginu koma fram ítarlegri upplýsingar um heimildir, ‚dags_uppr‘ og ‚dags_leidr‘ svo eitthvað sé nefnt. Á myndinni hér fyrir neðan sést uppfærð strandlína við Landeyjarhöfn þar sem notast var við SPOT-5 gervitunglamynd frá 2009.



Mannvirki

Mannvirki skiptast upp í fimm lög; þrjú punktalög og sitthvort línu- og flákalagið. Þau sýna mannvirki utan þéttbýlis, útlínur þéttbýlisstaða, rafmagnslínur og fjarskiptamannvirki. Einnig er sér rústalag. Helstu breytingar eru að þéttbýlislagið (flákar) var lagað að nýrri strandlínu og nýjar íbúafjöldaupplýsingar frá Hagstofunni eru komnar inn. Nýjum flákum var bætt við og fáeinir teknir út. Þeir flákar sem voru með færri en 50 íbúa og voru þegar til í mannvirkjapunktalaginu voru teknir út. ‚Mannvirki punktar‘ hafa aðeins verið uppfærðir hafi bæst við skálar í tengslum við vegamælingar, sjá mynd.




Í laginu hefur nýjum mannvirkjum verið bætt við og leiðréttingar hafa farið fram. Fáein möstur hafa bæst við fjarskiptalagið. Í rústalaginu hafa bæst við nokkrar rústir við Akranes. Það eru engar breytingar á línulaginu.

Mörk

Í markalaginu eru ýmis mörk lands og sjávar. Þetta eru nær eingöngu flákalög. Einungis er eitt línulag og sýnir það stjórnsýslumörk landsins. Umdæmi sýslumanna eru síðan í flákalagi sem og sveitarfélögin.


Önnur flákalög í laginu sýna eftirfarandi: Kjördæmaskiptingu, póstnúmeraskiptingu, lögreglu-umdæmaskiptingu, skiptingu landsins í dómstóla í héraði, sóttvarnaumdæmaskiptingu, heilbrigðisumdæmaskiptingu, skiptingu landsins í heilbrigðiseftirlit, efnahagslögsögu Íslands, landhelgi Íslands, sjóinn í kringum Ísland.

Helstu breytingar eru að öll lögin voru löguð að nýrri strandlínu, gerðar voru fáeinar póstnúmerabreytingar í póstnúmeralaginu auk lagfæringa á ‚mörk línur‘ og þeim flákalögum sem tengjast því. Dálkurinn ‚lega‘ var tekinn úr ‚mörk línur‘. Myndin hér fyrir neðan sýnir sveitarfélög landsins.



Hæðargögn


Hæðargögnin innhalda bæði línulag og punktag. Það voru gerðar lagfæringar á hæðarlínum með uppfærðri strandlínu, einkum á Vestfjörðum þar sem línurnar náðu út í sjó. Hæðarlínurnar voru dregnar á land (sjá mynd) og voru flokkaðar sem óvissar hæðarlínur (dálkurinn ‚ástand‘) og í dálknum ‚aðstoðarlína‘ var notuð brúun. Fáeinir hæðarpunktur fengu sömu meðferð.



Með síðustu útgáfum hafa nöfn verið í dálkinum ‚nafn_F‘ í hæðarpunktunum en með breyttum vinnsluáðferðum á örnefnalaginu eru nöfn ekki lengur tengd við fitjur og því eru engin nöfn í dálkinum ‚nafn_F‘.

Yfirborð


Yfirborðið er einfaldað flákalag úr CORINE verkefninu sem sýnir gróið land, ógróið land, skipulögð svæði og vatnafar, sjá mynd. Eina breytingin er að lagið hefur verið lagað að nýrri strandlínu.



IS X


Skógar

Með IS X er að finna skógalag frá Skógrækt ríkisins og sýnir það ræktaða og náttúrulega skóga á landinu. Skógalagið var fengið í tengslum við CORINE verkefnið. Skógalagið hefur ekki verið lagað að strandlínu IS 50V og það eru engar breytingar á laginu milli útgáfa fyrir utan að tveimur dálkum sem höfðu íslenska stafi var breytt. Dálkurinn ‚hæð‘ varð að ‚haed‘ og dálkurinn ‚aðferð_uppl‘ varð að ‚adferd_uppl‘.



Skurðir

Með þessari útgáfu fylgir skurðalag sem var gert í tengslum við CORINE verkefnið. Skurðirnir voru hnitaðir eftir SPOT-5 gervitunglamyndum og var þetta samvinnuverkefni Landmælinga Íslands og Landbúnaðarháskólans. Það er ekki samræmt við vatnafarið (sjá mynd), bleika línan sýnir skurðalagið en bláu línurnar sýna vatnafarið í IS 50V.



Upplýsingar um útgáfu IS 50V 2.3
Landmælingar Íslands
Maí 2010

Hæðarmódel

Hæðarmódelið er unnið eftir IS 50V hæðarlínum úr útgáfu 1 með þeirri viðbót að hæðargildi hafa verið sett á jökla. Hæðarmódelið byggir á 25x25 metra myndeiningum sem hafa hæðargildi. Hæðarmódelið er afhent á img, tiff og EsriGrid skráarsniði.

